



Fundarboð

362. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 20. mars 2014 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ), Eggert Ólafsson (EÓ) varamaður í fjarveru Andreu Björnsdóttur (AB) oddviti, og Sveinn Ragnarsson (SR), sem var í síma. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

EK stjórnaði fundi í fjarveru AB sem varaoddviti. Hann setti fundinn, bauð fólk velkomið og spurði eftir því hvort einhver fundarmaður gerði athugasemd við að SR sæti fundinn í síma vegna veðurs, engin athugasemd var gerð, þá var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, samþykkt að taka eitt mál á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 361. fundur sveitarstjórnar 13. febrúar 2014.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- og bygginganefnd 20. febrúar 2014.

Fundargerðin lögð fram.

1. 1402022 – Breytingar á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, þéttbýlið á Reykhólum, efnistaka og frístundabyggð í landi Kirkjuból.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2. 1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, þéttbýlið á Reykhólum, útivistarsvæði og Sjávarböð.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

3. 1211001 – Deiliskipulag þéttbýlið Reykhólar, Hellisbraut.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið. Samþykkt með 4 atkvæðum gegn einu atkvæði GJÓ.

4. 1403007 – Hafrafell 3 22010, umsókn um stofnun nýrrar lóðar, Sjáland.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðainnar Sjáland. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 27. febrúar 2014.

Fundargerð lögð fram.

1. 1304043 – Umhverfisdagurinn 2014.

Sveitarstjórn samþykkir að hinn árlegi umhverfisdagur verði haldinn 10. maí. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni í einu hljóði.

4. Stýrihópur um Staðardagskrá Reykhólahrepps 24. febrúar og 6. mars 2014.

Fundargerðir lagðar fram og samþykktar samhljóða.

5. Stjórn Barmahlíðar 19. febrúar 2014.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1303021 – Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í Reykhólahreppi.

Staðfesting innanríkisráðuneytis dagsett 28. febrúar 2014.

Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í Reykhólahreppi lagðar fram, undirritaðar af innanríkisráðuneytinu. Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn undirrita siðareglurnar. Sveitarstjóra er falið að birta opinberlega undirritaðar siðareglur á vefsíðu sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

2. 1403009 – Prókúra á reikninga sveitarfélagsins og aðgangur að heimabanka fyrir Ágúst Má Gröndal skrifstofustjóra.

Sveitarstjórn veitir Ágústi Má Gröndal starfandi skrifstofustjóra umboð til úttekta á reikningum sveitarfélagsins og til að tengjast við netbanka sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

3. 1402023 – Umsókn Icelandic Mussel Company ehf. um skeldýrarækt í Djúpafirði til umsagnar.

Erindi frá Matvælastofnun dagsett 14. febrúar 2014.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi umsókn, að því gefnu að tilraunasvæðið, tækjum og búnaði verði haldið utan netalaga eins og fram kemur í erindi MAST, en bendir á að norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði eru á náttúruminjaskrá. Samþykkt samhljóða.

4. 1403005 – Samþykki aðildarsveitarfélaga að Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BSVest) vegna samnings um ábyrgð á leigu á sértæku húsnæðisúrræði.

Erindi frá verkefnastjóra BSVest dagsett 20. febrúar 2014.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir fyrir sitt leyti samning um ábyrgð á leigu á sértæku húsnæðisúrræði á milli Byggðasamlags Vestfjarða og Ísafjarðarbæjar. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir framlagðar verklagsreglur er varða nýbyggingu eða kaup eigna sérhæfðs húsnæðis. Samþykkt samhljóða.

5. 1403010 – Breyting á starfsemi N1 í Króksfjarðarnesi, lokun dælna þann 17. mars 2014.

- a. Tilkynning frá N1 dagsett 5. mars 2014.
- b. Erindi frá Signýju M. Jónsdóttur og Bergsveini G. Reynissyni dagsett 10. mars 2014.

a. *Reykhólahreppur hefur móttengið tilkynningu frá N1.*

- b. Erindið er áskorun til sveitarstjórnar Reykhólahrepps, sveitarstjóra og byggingafulltrúa að leita allra leiða til að koma í veg fyrir lokun eldsneytisdeila í Króksfjarðarnesi, í það minnsta að ákvörðun verði frestað fram á haustið.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða vinnur að málefnum í umboði sveitarstjórna á Vestfjörðum, skv. eftirlitinu stenst sá búnaður sem er til staðar í Króksfjarðarnesi ekki kröfur skv. reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Sveitarstjóri freistaði þess, vegna mótmæla íbúa við lokuninni, að fara fram á það við N1 að fresta lokun fram á haust. Ekki var hægt að verða við þeirri beiðni.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps getur ekki aðhafst vegna lokunar N1 í Króksfjarðarnesi. Samþykkt samhljóða.

6. 1403011 – Upplýsingamiðstöð í Króksfjarðarnesi sumarið 2014.

Erindi frá Handverksfélaginu Össu dagsett 28. febrúar 2014.

Í erindinu er óskað samstarfs við Reykhólahrepp um rekstur á upplýsingamiðstöð í Króksfjarðarnesi.

SR vék af fundi undir þessum lið.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir samstarf við Handverksfélagið Össu um rekstur á upplýsingamiðstöð sumarið 2014. Í samþykkttri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er gert ráð fyrir framlagi til reksturs upplýsingamiðstöðvar í Króksfjarðarnesi. Áætlunin hljóðar upp á sama framlag og árið 2013. Samþykkt samhljóða.

SR kom aftur inn á fundinn.

7. 1402020 – Beiðni um útgáfustyrk.

Erindi frá Birki Friðbertssyni dagsett 6. febrúar 2013.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að veita Útgáfufélagi Búnaðarsambands Vestfjarða útgáfustyrk að upphæð kr. 300.000 í heimildarit um Austur-Barðastrandarsýslu, auk þess að keypt verði 15 eintök að útgáfunni lokinni. Samþykkt samhljóða og vísað í gerð viðauka við fjárhagsáætlun 2014.

8. 1403012 – Vegur um Múlanes að Skálmarnesmúla.

Tölvupóstur frá Birni M. Björgvinssyni dagsettur 5. mars ásamt tveimur erindum.

- a. Erindi frá Ástu Jónsdóttur dagsett 25. febrúar 2014.
- b. Erindi frá Átthagafélagi Múlahrepps dagsett 25. febrúar 2014.

Sveitarstjórn fór yfir erindin. Sótt hefur verið um styrkvegafé til Vegagerðarinnar. Úthlutun hefur ekki farið fram. Tekið verður tillit til erindanna þegar ljóst er hvað Reykhólahreppur fær úthlutað. Samþykkt samhljóða.

9. 1403013 – 217. mál til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis dagsett 19. febrúar 2014.

Sveitarfélagið veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

10. 1108016 – Staðardagskrá 21.

Lögð voru fram drög að Staðardagskrá 21 frá starfshópi um Staðardagskrá í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn gerir smávægilegar athugasemdir en samþykkir Staðardagskrána að öðru leyti og vísar henni til lokafrágangs og birtingar á vef sveitarfélagsins. Staðardagskráin er lifandi plagg sem skal endurskoðað reglulega. Samþykkt samhljóða.

11. Ósk um styrk vegna greiðslu fasteignagjalda.

Erindi frá Björgunarsveitinni Heimamönnum dagsett 18. mars 2014, þar sem óskað er styrks fyrir greiðslu á fasteignargjöldum húsnæðis Björgunarsveitarinnar árið 2014.

EK vék af fundi undir þessum lið. ÁSK tók við stjórn fundarins á meðan.

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

EK kom aftur inn á fundinn og tók við fundarstjórn.

Til kynningar

12. 1105042 – Undanþága skv. 11. gr. laga 814/2010 með síðari breytingum.

Erindi sveitarstjóra til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða dagsett 17. janúar 2014.
Svarbréf Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 14. febrúar 2014.

Kynnt.

13. 1403004 – Skráning landamerkja í Reykhólahreppi.

Bréf Náttúrustofu Vestfjarða dagsett 5. mars 2014.

Kynnt.

14. 1403014 – Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga á 256. máli Alþingis, þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014-2017.

Send Alþingi 14. febrúar 2014.

Kynnt

15. 1403015 – Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2014.

Fundarboð vegna fundar þann 27. mars 2014, ásamt auglýsingu á framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Kynnt.

16. 1403016 – Fundargerð 813. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

17. 1402024 – Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 14. febrúar 2014.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

18. 1403018 – Vistvæn Flatey og BREEAM Communities.

Erindi frá Framfarafélagi Flateyjar 19. mars 2014, ósk um samvinnu Reykhólahrepps við Framfarafélag Flateyjar, Flateyjarveitur, Landmótun og Arkís.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að vera stuðningsaðili að verkefninu Vistvæn Flatey gegn því að samningur verði gerður um verkefnið. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17.50.

_____	_____
_____	_____
_____	_____